

Bolungarvíkurkaupstaður  
Finnbogi Bjarnason  
Aðalstræti 12  
415 Bolungarvík

Reykjavík 8. júní 2020  
UST202005-328/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hesthúsahverfi við Sand - Bolungarvíkurkaupstaður**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélags er barst 29. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir hesthúsahverfi við Sand í Bolungarvík.

Í greinargerð kemur fram að á deiliskipulagssvæðinu sem er um 12 ha, er gert ráð fyrir 10 lóðum fyrir allt að 16 hesthús og eina lóð undir reiðhöll. Lóðirnar eru frá 770 m<sup>2</sup> til 1225 m<sup>2</sup> og lóð reiðhallarinnar er 4250 m<sup>2</sup>.

#### **Tjörn og fuglalíf**

Í greinargerð kemur fram að á vorin geta myndast tjarnir sem hverfa gjarnan þegar líður að sumri og fuglalíf á skipulagssvæðinu er fjölskrúðugt þar sem hluti deiliskipulagssvæðisins mæri á varpsvæði sandlóu. Umhverfisstofnun bendir á að sandlóa er ábyrgðartegund Íslands. (Sjá lista Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ): <https://www.ni.is/greinar/forgangstegundir-fugla>)

Umhverfisstofnun vill benda á að tjörnir á skipulagssvæðinu fellur undir a. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem tjörnir eru 1.000 m<sup>2</sup> að flatarmáli eða stærri. Hægt er að sjá staðsetningu tjarnarinnar á kortasjá NÍ (<https://serstokvernd.ni.is/>)

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruvæðinganna sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að á svæðinu eru merki um votlendi eða lækjarfarveg og styrkja skal dýra- og plöntulíf votlendissvæðisins með því að móta vatnsrásir og dældir og leiða

ofanvatn af svæðinu í þau og með því er bætt fyrir þau búsvæði fugla sem kunna að tapast við uppbygginu hverfisins.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur